

lesbók

Íslenskan öll?

Á Hugvísindahringi sem fer fram í Háskóla Íslands eftir hádegi dagana 4. og 5. apríl er sagt frá rannsóknum á ýmsum sviðum hugvísinda. Fyrirlestrunum er skipað saman í málstofur þar sem rætt er um tengd eða skyld efni. Í einni málstofunni, sem ber heitið „Íslenskan öll?“, er nokkurs konar uppskeruhátíð rannsóknaverkefnisins *Tilbrigði í setningagerð*. Það verkefni fékk svonefndan Öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði fyrir árin 2005-2007 og Höskuldur Þráinsson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur stýrt því. Í þessari grein er verkefninu lýst og nefnd dæmi um niðurstöður. Í framhaldinu er síðan spurt hvort íslenska sé að líða undir lok: Er íslenskan bráðum öll?

Eftir Höskuld Þráinsson
hoski@hi.is

Því er oft haldið fram að íslenska sé „einsleitt mál“ og þá er átt við að hér á landi sé minni mállýskumunur en víðast annars staðar. Flestir kannast þó við að Norðlendingar tala ekki nákvæmlega eins og Sunnlendingar né heldur Vestfirð-

ingar eins og Austfirðingar. En þegar rætt er um staðbundinn mál-farsmun á Íslandi er oftast átt við framburð (t.d. *harðmæli* annars vegar og *linnmæli* hins vegar) eða þá tilbrigði í orðafari (t.d. kók í *bauk* eða *dós*). Íslenskar framburðarmál-lýskur voru kannaðar í tveim ít-arlegum rannsóknum á sl. öld, fyrst af Birni Guðfinnssyni upp úr 1940 og síðan af Kristjáni Árnasyni og Höskuldi Þráinssyni 40 árum síðar. Rannsóknir á staðbundnum orðaforða standa líka á gömlum merg hér á landi, t.d. rannsóknir á vegum Orða-

bókar Háskólans. Þessar rannsóknir þóttu renna stoðum undir þá kenningu að minni mállýskumunur væri á Íslandi en í flestum nágrannalöndunum.

Í öðrum löndum beindust mállýskurannsóknir líka upphaflega að framburði og orðaforða og náðu yfirleitt ekki til setningagerðar fyrr en á síðustu árum eða áratugum. Ástæðan er ekki síst sú að það er mun erfiðara að rannsaka tilbrigði í setningagerð en framburði og orðaforða. Á undanförunum árum hafa hins vegar farið af stað rannsóknaverkefni á Norðurlöndum sem miða að því að kanna tilbrigði í norrænni setningagerð og íslenska tilbrigðaverkefnið er liður í þeim rannsóknum. Ætlunin var að „kortleggja tilbrigði í íslenskri setningagerð (með nokkrum samanburði við fær-eyksku), gera grein fyrir dreifingu þeirra og skýra þau“, eins og það var orðað í markmiðslýsingu. Að verkefninu loknu ætti þá að vera hægt að svara þeirri spurningu hvort ís-

lenska sé einsleitt mál að því er varðar setningagerð.

Tilgangur mállýskurannsókna

En hver er þá tilgangurinn með því að rannsaka mállýskur almennt eða tilbrigði í setningagerð sérstaklega? Honum má lýsa á eftirfarandi hátt:

– Fræðimenn vilja fá að vita hvernig tungumálið er í raun og veru, þ.e. hvernig fólk talar. Er mál-ið mismunandi eftir landshlutum, kyni, aldri eða öðrum félagsþópum? Er raunveruleikinn í samræmi við það sem handbækurnar segja?

– Hvernig verður mál-farsmunur til? Hvernig breytast tungumál og af hverju?

Fyrri atriðið má kalla **lýsandi markmið**. Málfræðingar vilja lýsa málinu eins vel og kostur er, vita hver einkenni þess eru og hvernig það er talað. Það getur m.a.s. haft **hagnýtt gildi** í sambandi við gerð kennsluefnis og handbóka. Síðara atriðið er **fræðilegs eðlis** því málvísindamenn vilja sífellt öðlast betri

» Aftur á móti benti forkönnunin til þess að um talsverðan aldursbundinn mun væri að ræða í ýmsum tilvikum. Tilbrigðaverkefnið sjálft hefur staðfest þetta að verulegu leyti.

skilning á viðfangsefni sínu, rétt eins og eðlisfræðingar, jarðfræðingar eða félagsfræðingar. Samanburður á skyldum málum og mállýskum getur sýnt okkur hvernig málbreytingar gerast og um leið varpað ljósi á eðli mannlegs máls.

Umfang og aðferðir Tilbrigðaverkefnisins

Í verkefnisstjórn voru, auk verkefnisstjóra, þau Eiríkur Rögnvaldsson (HÍ), Sigríður Sigurjónsdóttir (HÍ),



Er íslenskan að líða undir lok? Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að sumar breytingar á málinu breiðast hratt út, aðrar á lengri tíma.